

# ÆVINTÝRI SÆDÍÐSAR SKJALDBÖKU

**Höfundur texta og tónlistar:**  
**Elin Halldórsdóttir**

**Einkum ætlað nemendum í 4.-7. bekk**



## Persónur og leikendur:

SÆDÍS SKJALDBAKA

NONNI TRÚÐFISKUR

AFI SÆLJÓN

SILJA SKRAUTFISKUR

SKRAUTFISKAR 1, 2, OG 3

SESAR SKRAUTFISKUR

HARALDUR HÁKARL

SÆVAR SKJALDBÖKUPABBI

ELSA HAFMEYJA

HAFMEYJUR 1, 2, 3, 4 OG 5

NEPTÚNUS KONUNGUR SJÁVARINS

PÉTUR STRÁKUR

KRISTINN STRÁKAPABBI

TÆKNIMENN 2

HLJÓÐFÆRALEIKARAR

SVIÐSFÓLK

BÚNINGAGERÐ OG LEIKMYND

MYNDBANDAGERÐ

*Við sjáum ruslahaug af plasti neðansjárvar og plast sem flýtur út um allt.  
Sædís litla er að leika sér með Nonna (trúðfiskur).*

**Sædís:** Komum í feluleik. Pant ekki vera hann.

**Nonni:** Ég skal vera hann. Ég tel upp að 10 (*byrjar að telja*).

**Sædís:** Ég fel mig. (*Sædís hleypur inn í plasthrúgunu og hlær. Síðan heyrir snökkt og kvein*).  
Hjálp ég er föst!

**Nonni:** Ertu föst? ... já, sjáðu allt dótið ... Ég hélt þetta væri gróður en hvað er þetta? Þetta er alveg fast og bifast varla með sjávarstraumunum. Hvar ertu?

**Sædís:** Ég ætlaði bara að fela mig hérna í þessum gróðri og þá réðst gróðurhrúgan á mig. Ég get ekki hreyft mig.

**Nonni** (*byrjar að klóra hana út og henda ruslinu í allar áttir*): Ég nær þér út ...

**Sædís:** Ái ... Ætli ég komist aldrei út úr þessu ógeði? Hvað í ósköpunum er þetta?

**Nonni:** Jú, ég er alveg að ná þér. Nú ertu laus ... (*hann togar Sædís út en hún er föst eins og í beisli ... þetta eru gosdrykkjaplasthringir, einn er utan um hálsinn á henni og annar utan um fótinn, þannig að hún hálf haltrar í fjötrum*). Ég held ég viti alveg hvað þetta er. Afi sæljón sagði mér að þetta væri rusl frá mannfólkinu og það heiti plast og þau henda því í sjóinn og vilja ekki eiga það af því að það eyðist aldrei og það er ekki hægt að borða það.

**Sædís:** Ekki hægt að borða það? En af hverju henda þau því í sjóinn? ... ef það eyðist aldrei? ... Sjórinn er nú enginn ruslahaugur, hann er heimili okkar og allra vina minna. Eins og ég mundi eitthvað fara að henda tja ... til dæmis ígulkerjum eða sjávargrjóti sem ég vil ekki hafa, upp á land til mannfólksins ... Hvað mundi því finnast um það?  
(*Snöktandi*) Já, en ég er föst, geturðu reynt að losa mig úr þessari prísund.  
(*Nonni togar í plastið en allt kemur fyrir ekki og Sædís snöktir og kveinar.*)

**Nonni:** Við skulum fara til Afa sæljóns og athuga hvort hann kann einhver ráð?

## Sundsöngur 1 Sæljón

*(Nonni syngur 1. erindi, síðan með Sædís)*

Við syndum og við syndum,  
já, við syndum sjónum í.  
Til sæljóns okkur vindum  
að spyrja hann að því  
hvernig við leysum þennan vanda,  
hún Sædís getur varla andað?  
Hún er flækt í plastdrasl,  
plastið flýtur út um allt,  
við vonum bara að Afi sæljón hjálpi okkur fljótt.  
Og finni á þessum vanda lausnina skjótt.

Syndum saman sjónum í,  
höfum gaman aldan hlý.  
Allir straumar stefna í eina átt,  
vonum bara að hjálpin berist fljótt  
og Sædís verði sátt.

*(Afi sæljón hrýtur uppi á steini og er með pípu í munninum.)*

**Afi sæljón:** Æi, ég er svo þreyttur ... ég er búinn að synda og borða í tvo sólarhringa ... nú þarf ég aðeins að hvíla mig.

**Nonni:** Hérna sko, Afi sæljón ...

**Afi sæljón:** Hver er að trufla mig?

**Nonni:** Það er bara ég, hann Nonni litli.

**Afi sæljón:** Hvað vilt þú, Nonni minn?

**Nonni:** Æi, Afi sæljón, sko vinkona mín hún Sædís skjaldbaka er í smá vanda.

**Afi sæljón:** Nú, hvað er að hjá Sædís?

**Nonni:** Sko, hún var að leika sér í gróðri, sem var síðan ekki gróður, heldur gildra og festi sig í gildrunni og hún getur varla hreyft sig og á næstum erfitt með að anda... *(Hann dregur Sædís fram sem er enn þá hálf snöktandi.)*

**Afi sæljón:** Ohhhh, leyfðu mér að sjá hana ... Já, þetta er nú ekki gott ... og hvar lentirðu í þessu? ... Hmm ...*(Afi sæljón togar í bandið en þá öskrar Sædís af sársauka.)* Já, þetta er alveg reyrt utan um hana.

**Nonni** (*Dregur Sædís og er hálf áhyggjufullur yfir aðförunum.*): Heyrðu, Afi sæljón, ég skal bara redda þessu ... Það hlýtur að vera einhver lausn ... Ég á vinkonu sem er skrautfiskur og hún er alltaf í nýjum fötum og kann að klippa og skera alls konar, hún getur kannski skorið þetta í sundur. Far þú bara aftur að hvíla þig.

**Afi sæljón:** Já, reyndu það vinur, ég ætla að halda áfram að hvíla mig ... ég er svo þreyttur. En taktu samt með þér þennan töfrasprotu, hann er frá Neptúnusi vini mínum. Ef þið þurfið að fara niður í Undirdjúpin þá komist þið ekki í gegnum gróðurinn í Dimmurönd nema hafa sprotann ... sprotann má nota sem ljóskei. Nonni, ég þarf að hvísla töfraorðinu að þér, það mega engir aðrir vita það. Sprotinn gefur ykkur líka vernd og getur umlukið ykkur huliðskúlu þannig að þið sjáið ekki. Ef þú vilt nota huliðskúluna snýrðu honum og ýtir á þennan takka sem er hér undir. En hún virkar bara einu sinni á ári, af því það fer svo mikil orka í hjúpinn að það tekur sprotann heilt ár að hlaða sig. Þannig að þið megið einungis nota hjúpinn í algjörri neyð.

*Þau synda af stað*

## Sundsöngur 2 Skrautfiskar

*(Sædís 1. erindi, síðan með Nonna)*

Við syndum og við syndum,  
já, við syndum sjónum í.  
Til skrautfisks okkur vindum  
að spyrja hann að því,  
hvernig við leysum þennan vanda,  
því ég get varla andað?  
Ég er flækt í plastdrasl,  
plastið flýtur út um allt.  
Við vonum bara að skrautfiskarnir  
hjálpi okkur fljótt  
og finni á þessum vanda  
lausnina skjótt.

Við syndum og við syndum,  
já, við syndum sjónum í.  
Til skrautfisks okkur vindum  
að spyrja hann að því,  
hvernig við leysum þennan vanda,  
hún Sædís getur varla andað?  
Hún er flækt í plastdrasl,  
plastið flýtur út um allt.  
Við vonum bara að skrautfiskarnir  
hjálpi okkur fljótt  
og finni á þessum vanda lausnina skjótt.

Syndum saman sjónum í,  
höfum gaman aldan hlý.  
Allir straumar stefna í eina átt,  
vonum bara að hjálpin berist fljótt  
og Sædís verði sátt.

*Nú koma þau í marmarahellana þar sem skrautfiskarnir búa.*

*Við sjáum fimm skrautfiska synda um með langa skrautlega sporði og blakandi ugga.*

**Nonni:** Jæja, þá erum við komin í marmarahellana til skrautfiskanna.

**Sædís:** Ég hef aldrei komið hingað, vá, hvað þetta er fallett!

*Skrautfiskarnir eru einmitt í þann mund að snyrta einn og eru með skæri og skrautlega borða á lofti að klippa og snyrta.*

**Nonni:** Kæra Silja skrautfiskur, við erum í vanda.

**Silja skrautfiskur:** Nú hvað amar að, Nonni minn? Við erum svolítið upptekin við að skreyta hann Sesar skrautfisk.

**Nonni:** Hún Sædís skjaldbaka er föst í einhverju drasli. Hún á erfitt með að hreyfa sig og getur varla andað ef hún snýr sér.

*Hinir skrautfiskarnir tveir snúa sér nú að Nonna og Sædís og Sesar bíður uppstrílaður á meðan.*

**Skrautfiskur 1:** Hvað gerðist?

**Skrautfiskur 2:** Já, hvað kom fyrir Sædís skjaldböku?

**Sædís:** Ég var að leika mér í feluleik og fór inn í gróður að fela mig sem var ekki gróður og þá festist ég í þessum fjötrum. (*Segir hálfsnöktandi frá.*) Nú er ég bara alveg föst og get ekki dansað og leikið mér og á erfitt með að anda!

**Silja skrautfiskur:** En leiðinlegt að heyra. Við getum kannski reynt að snyrta þetta í burtu. En fyrst ætlum við að dansa skrautfiskadansinn fyrir ykkur.

## Söngur skrautfiskanna

*(Skrautfiskarnir syngja og dansa og Sesar hleypur um á meðal áhorfenda á meðan og skartar öllu skrautinu sínu.)*

Við skrautfiskarnir dönsum,  
við tökum engum sönsum.  
Við brosum fagrir,  
bæði digrir og magrir.

Gleðjum augað alla daga  
og lífinu gefum lit.  
Það er nú segin sólar saga,  
með skreytt og litrík sundfit.

Við búum í marmarahellunum,  
með gróðri og fallegu skeljunum.  
Við erum alltaf rólegir  
en aldrei í skreytingum hóflegir.

Við erum skrautfiskarnir,  
við skreytum og við skreytum.  
Með mörgum litum og gleði,  
með gleði öllu breytum.

Trallallalalala

**Silja skrautfiskur:** Vertu nú alveg kyrr á meðan við reynum að ná þessu af þér, Sædís mín.

*Skrautfiskarnir draga nú fram fínu litlu skærin sín og borðana og hefjast handa ofur varlega og með fínum hreyfingum að reyna að klippa í burtu fjötrana.*

**Skrautfiskur 1:** Þetta er alveg fast ... Ég get ekki náð þessu.

**Skrautfiskur 2:** Skærin mín eru ekki nógu beitt til að ná í gegnum fjötrana.

**Skrautfiskur 3:** Þetta hlýtur að ganga, bíðið aðeins.

**Silja skrautfiskur:** Reynum einu sinni öll saman hérna. Einn, tveir og þrír! (*Þau draga djúpt andann með skærin litlu á lofti og reyna öll í einu sömu megin tvisvar eða þrisvar en allt kemur fyrir ekki.*) Aftur allir saman nú: Einn, tveir og þrír! Þetta er bara alveg fast. Sædís, skærin okkar ráða ekki við þessa fjötra, sama hvað við reynum. En við getum skreytt þig aðeins svo þú lítir betur út.

**Skrautfiskur 1** (*Hengir fagurlitan borða á Sædís.*): Svona nú þetta lítur að minnsta kosti aðeins betur út svona ... litríkara og gleðilegra.

**Skrautfiskur 2:** Ég ætla líka að setja borða hérna yfir og fela þessa fjötra hérna megin. (*Klappar Sædís og reynir að hughreysta hana.*) Þetta verður allt í lagi.

**Skrautfiskur 3:** Núna geislar þú allavega af litum og gleði. Reyndu að taka þetta ekki of nærri þér ... þetta mun leysast, Sædís mín. (*Faðmar Sædís að sér á traustvekjandi hátt.*)

**Silja skrautfiskur** (*snýr sér að Nonna*): Ég er hrædd um að við séum búin að gera allt sem við getum. Leiðinlegt að okkur tekst ekki að losa hana Sædís. En veistu hvað? Ég mundi fara og tala við hann Krabba Kló. Hann er með risaklær sem slíta allt í sundur sem hann kemur nálægt. Hann er eina lífveran í sjónum sem ræður við þetta verkefni. Það er samt eitt vandamál. Til að ná áheyrn hans verðið þið að færa honum svif og djúpsjávarrækjur úr Undirdjúpunum. Það er hættulegt að fara þangað af því þar ræður Haraldur hákarl ríkjum og hann er alltaf svangur og vill sérstaklega fá fallega skrautfiska eða trúðfiska og skjaldbökur. Það er uppáhalds maturinn hans. Svo er hann með herskara af álum og sjávarpöddum sem hann sendir út um öll Djúpin til að njósna fyrir sig, svo maður er hvergi óhultur.

*Á meðan þessu fer fram er Sædís skjaldbaka til skiptis snöktandi og reynir að vera hress.*

**Nonni:** Úfff, verðum við að fara í Undirdjúpin? Það er nú ekki alveg það sem ég óskaði mér. Það er stórhættulegt.

**Sædís** (*hálfsnöktandi*): Já, en ég vil ekki fara í Undirdjúpin. Pabbi minn hvarf þar fyrir nokkrum vikum og hefur ekki komið heim aftur.

**Nonni:** Sædís, við förum saman og gætum okkar vel og pössum hvert annað.

**Sædís:** Jæja þá, ef það eru engin önnur ráð verðum við líklega að reyna það.

**Silja skrautfiskur:** Mig langar samt að gefa ykkur smá skrautfiskastjörnuryk áður en þið farið. Ef þið þurfið að tala við einhverja erfiða eða grimma veru sem er ofbeldisfull eins og til dæmis hákarl sem vill rífa ykkur í sig, þá stráið þið yfir ykkur stjörnuryki. Það hefur þann eiginleika að þið verðið svo falleg og heillandi að þið getir ruglað alla í ríminu. En áhrif stjörnuryksins vara einungis í klukkustund þannig að ekki stoppa of lengi. Þetta getur bjargað ykkur úr hættu.

**Nonni:** Takk, elsku Silja skrautfiskur, það er gott að hafa svona meðal með sér ef eitthvað bjátar á.

**Sædís:** Jæja þá, ef það eru engin önnur ráð verðum við líklega að reyna þetta.

*Þau synda af stað.*

### **Sundsöngur 3 Krabbi**

*(Nonni og Sædís syngja saman)*

Við syndum og við syndum,  
já, við syndum sjónum í.  
Til krabbans okkur vindum  
að spyrja hann að því,  
hvernig við leysum þennan vanda?  
Hún Sædís getur varla andað.  
Hún er flækt í plastdrasl  
plastið flýtur út um allt.  
Við vonum bara að Krabbi Kló hann hjálpi okkur fljótt  
og finni á þessum vanda lausnina skjótt.

Syndum saman sjónum í,  
höfum gaman aldan hlý.  
Allir straumar stefna í eina átt,  
vonum bara að hjálpin berist fljótt  
og Sædís verði sátt.

*Þau synda um stund með tónlistinni þar til þau koma að Dimmurönd.*

*Þá fer að verða dimmt og kalt. (Tæknimenn gætu fundið búbluhljóð fyrir Undirdjúpin.)*

**Nonni:** Ég sé varla neitt, gróðurinn er svo þykkur ... maður kemst varla í gegn.

**Sædís:** Æ já, mér er kalt og mér er illt í maganum og ég er hrædd.



**Nonni:** Ekki vera hrædd ég skal kveikja á töfrasprotanum. (*Hefur upp raust sína og segir með miklum tilþrifum.*) Töframöframávafriður lýstu sproti hingað niður og allt um kring á sjávargróður og lyng.

*Það kviknar á töfrasprotanum og þykkur gróðurinn kemur í ljós.*

**Nonni:** Við erum alveg að verða komin í gegn, Sædís, þetta verður allt í lagi. Jæja, hér er bara dimmt en enginn gróður að minnsta kosti. Við hljótum að vera komin í gegn. Drífum okkur nú bara að safna saman nokkrum rækjum og neðansjávarsvifi og förum strax aftur upp nær yfirborðinu.

**Sædís:** Já, ég er með smá skjóðu hérna, tinum þetta nú saman.

*Þá heyrir hrossahlátur og miklir skruðningar og risastór ógurlegur hákarl kemur í ljós og syngur sönginn sinn.*

## Söngur hákarlsins

*(Haraldur hákarl syngur lagið einu sinni í gegn og svo allir strákarnir í sýningunni með honum í annað sinn og standa ógnandi á bak við eins og skuggar.)*

Ég er Haraldur hákarl,  
ég hættulegur er.  
Ég borða alla hér.  
Ég lifi í græðgi alla daga,  
get aldrei fyllt þennan feita maga.  
Ég vil éta þig strax,  
eins og feitan lax.  
Ég er með hvítan kúlurass.

Komdu, komdu, ég næ þér nú.  
Minnir helst á gamla kú.  
Hættu að synda burt frá mér,  
því ég næ þér.  
Ég vil éta þig  
alveg upp til agna,  
það er sannast sagna.

Því ég rándýrið í sjónum er,  
með ljótar tennur fer,  
strax á eftir þér,  
í Undirdjúpum hér.  
Mínar gráu glyrnur vita allt og sjá,  
svo þú skalt vinur að þér gá.  
Ég mun þér ná  
og bita sætan í beittar tennur fá,  
já, já, já, já,  
hahahahahah!

**Haraldur hákarl:** Nammi namm skrautfiskur og skjaldbaka, uppáhalds maturinn minn. Komiði hérna litlu grey ... ég ætla að gæða mér á ykkur!

*Nú upphafst eltingarleikur þar sem Haraldur eltir þau með látum.  
Eltingarleikurinn má berast út um allan áhorfendasal, þangað til hákarlinn  
og Nonni eru skyndilega tveir á sviðinu og Nonni gefur viljandi færi á sér til að hlífa  
Sædís vinkonu sinni.*

**Nonni:** Komdu hér á eftir mér nanananana ...

*Nonna tekst að afvegaleiða hákarlinn ... Svo Sædís verður ein eftir.*

**Sædís:** Hvert fóru þeir eiginlega? Er ég nú föst hérna alein í Undirdjúpunum?

*Sædís fer að snökta og syngur svo sönginn sinn.*

## Sorgarsöngur Sædísar

*(Sædís, allar stelpur taka undir í lalala.)*

Nú ég alein í Undirdjúpunum er.  
Það er svo dimmt og kalt hér,  
því er nú miður og ver.  
Ég veit ekkert hvert ég fer  
eða hvað verður um mig,  
litla auma skjaldböku,  
það segir sig.  
Ég fer alveg í köku.

Ég er svo hrædd,  
ótrúlega mædd.  
Hvað á ég að gera?  
Hvernig á ég að vera?  
Plastið festist bara meira,  
þessir fjötrar eru mig að yfirkeyra.  
Ó, mig auma!  
Ó, mig auma!  
Hver getur hjálpað mér?  
Ég veit ekki hvernig þetta ævintýri fer.

Lala lalalalala ...

*Hún snöktir ein í myrkrinu og kuldinum og heyrir þá hláturinn í hákarlinum.*

*(Sædís: Ó, nei, hákarlinn er að koma aftur ... Og hvar er Nonni vinur minn? Hvað á ég að gera? Ég skelli að minnsta kosti yfir mig stjörnuryki það hjálpar kannski eitthvað ...  
Sædís verður allt í einu glansandi og glóandi í myrkrinu.)*

**Haraldur hákarl:** Ég er svo svangur. Hvert fór þessi fjandans trúðafiskur? Hann hvarf bara beint fyrir augunum á mér, ég þoli ekki svona. Nei, hvaða fallega sjávardýr er nú þetta? Hvað heitir þú?

**Sædís skjaldbaka:** Ég hérna heiti Sædís skjaldbaka ...

**Haraldur hákarl:** Venjulega hefði ég gleypst þig í einum bita en þú ert eitthvað svo falleg ég er að hugsa um að taka þig og skella þér inn í frystiskápinn með hinum vistunum. Ég tími ekki að éta þig. Að minnsta kosti ekki alveg strax.

*Haraldur hákarl dregur fram gamlan ónýtan frystiskáp opnar hann og skellir Sædísí glansandi og glitrandi inn í hann og lokar svo.*

**Sædís:** Halló, er einhver hérna? ... Æi, hvað það er kalt ... ég ætla aðeins skoða mig um ... (Hún hálf dettur um eitthvað.) Halló, hvað er þetta?

**Sævar skjaldbökupabbi:** Ert þetta virkilega þú, Sædís mín? Ég var steinsofandi í þessum kulda og búinn að húka hérna í nokkrar vikur ... Ekki hafa hátt, hérna eru ýmsar furðuverur sofandi í myrkrinu. Mikið er gott að sjá þig. En hvað kom fyrir þig, ertu föst í einhverju?

**Sædís:** Skjaldbökupabbi, skjaldbökupabbi, ert þetta þú? Mikið er ég glöð að sjá þig. Já, ég er í fjötrum, við erum að reyna að bjarga mér .... Ég er föst í sjávarplasti.

*(Þau fallast í faðma.) ... Þá kemur smá ljóstýra og hurðin á ísskápnunum opnast og þau heyra í Nonna trúðfisk lágri röddu... En sjá hann ekki.*

**Nonni:** Sædís, Sædís, hvar ertu? Drífðu þig, komdu, við megum engan tíma missa.

**Sædís:** Hér er ég ... komdu pabbi ...

*Þau þjóta út úr skápnunum á fullri ferð en eitthvað stoppar þau í dyrunum svo þau falla og það heyrast skellur.*

**Sædís:** Æ, hvað var nú þetta?

**Nonni:** Á, þið klesstuð á mig ... ég er í huliðskúlunni sem sæljónið gaf mér. Ég varð að nota hana af því Haraldur hákarl ætlaði að éta mig ... en komiði strax ... við verðum að komast úr Undirdjúpunum að Dimmurönd ... frá þessum brjálaða hákarli ... og finna krabbann. Hvaða skjaldbaka er þetta sem er með þér, Sædís?

**Sædís:** Nonni, þetta er skjaldbökupabbi sem er búinn að vera horfinn í nokkrar vikur. Ég fann hann í frystiskáp hákarlsins ... Hákarlinn frysti mig þar, til að geta étið mig seinna. Úff, eins gott að ég var með stjörnuryk skrautfiskanna annars hefði hann gleypst mig strax í einum bita.

**Nonni:** Komið, syndið strax með mér á fullri ferð, Dimmurönd er hérna rétt hjá ...

**Sædís:** Já, en við sjáum þig ekki... hvert eigum við að synda?

**Nonni:** Ég skal syngja fyrir ykkur, rennið á hljóðið en flýtið ykkur nú ...

## **Björgunarsöngur Nonna trúðfisks** (*Nonni*)

Hérna hér í þessa átt,  
í Dimmurönd við syndum brátt.  
Þar komumst gegnum gróðurinn  
og heimsækjum svo krabbann hinn.

Komið hér og komið þar,  
syndum saman alls staðar.  
Frá hákarlinum flýjum fljótt,  
um miðja dimma nótt.

Í Dimmurönd er gróðurinn,  
við komumst þangað fljótandi inn.  
En förum aftur strax ofar,  
ef gæskan því lofar.

Syndum, syndum, syndum saman.  
Syndum héðan strax í nótt.  
Og flýjum í burtu fljótt.

Komiði!

**Skjaldbökupabbi:** Hérna Sædís mín, ég dreg þig með mér ...

*Allt í einu birtist Nonni.*

**Sædís:** En heyrið þið þennan fallega óm og söng. Hvað er þetta?

**Nonni:** Ef ég er ekki illa svikinn þá eru þetta sírenurnar að syngja ... Hvað eru þær að gera hér? Ég veit að Neptúnus vill bara að þær haldi sig heima við hjá Álandseyjunum.

## Söngur sírenanna

(Allar hafmeyjurnar syngja og stelpur sem eru baksviðs taka undir frá öðru erindi: Hafmeyjur og marbendlar.)

Við sírenurnar syngjum  
og sæfarendur yngjum.  
Við sönginn allir falla í stafi  
þótt hann komi úr sjávarkafi.  
Við syngjum daginn út og inn  
því söngurinn er minn og þinn.  
Við heillum og við verndum,  
á sjávarbotni svo við lendum.  
Og pabbi okkar Neptúnus hann passar okkur hér,  
hann fylgist vel með okkur öllum systrunum og þér.

Hafmeyjur og marbendlar,  
við lifum öll í sátt.  
Í Neptúnusar sjávarríki,  
dveljum dag og nátt.  
Á yfirborðið sjaldan fljótum,  
við hræðumst menn sem ganga á fótum.  
Við eigum okkar líf og yndi  
sjónum okkar í.  
Þó sjaldan sjáirðu okkur myndirðu  
aldrei trúá því.  
Að við lífið eflum og syngjum alla daga,  
það er ný og gömul saga.

Því söngur okkar sírenanna  
hamingju þér veitir.  
Í byggðum sjávar eða manna  
alls staðar þó þú leitir.  
Þú aldrei finnur sátt,  
né þann yndislega töframátt,  
sem söngur okkar sírenanna þér veitir.  
Hann engan þreytir og öllum breytir  
því söngur okkar sírenanna  
þér gleði veitir.

*Elsa hafmeyja syndir til þeirra.*

**Elsa:** Hver eruð þið og hvert eruð þið að fara?

*Hinar hafmeyjurnar kinka kolli og heilsa þeim.*

**Hafmeyja 1:** Hæ, sætu skjaldbökur!

**Hafmeyja 2:** Sæll, fallegi trúðfiskur!

**Hafmeyja 3:** En hvað kom fyrir eina skjaldbökuna, sjáiði litla greyið ...

**Hafmeyja 4:** Þetta er svakalegt, getum við eitthvað hjálpað?

**Hafmeyja 5:** Hún er alveg föst í þessu drasli ... (*togar aðeins í fjötrana*) ... ég þoli ekki hvað sjórinn er orðinn mengaður ... greyið litla!

*Þær hópast að Sædís skjaldböku, Sævari skjaldbökupabba og trúðfisknum en Nonni stígur fram og hefur orðið fyrir þeim.*

**Nonni:** Ég heiti Nonni, þetta er Sædís litla og Sævar skjaldbökupabbi. Við erum í smá leiðangri að reyna að finna Krabba Kló til að losa Sædís úr þessum fjötrum. Hún er föst í þessu plastdrasli.

**Hafmeyja 3:** Æi, vesalingurinn litli.

**Hafmeyja 2:** Ég skal reyna að ná þessu (*byrjar að toga, hinar systurnar reyna líka*).

**Hafmeyja 1:** Þetta bifast ekki.

**Hafmeyja 4:** Þetta er alveg fast.

**Hafmeyja 5:** Passið ykkur, þið meiðið hana, ekki svona fast!!

*Sædís fer að gráta.*

**Skjaldbökupabbi:** Nei, nei förum nú rólega í þetta ... Ekki þessi læti.

**Elsa:** Hættið nú systur, má ég aðeins sjá þetta. Ég heiti Elsa sjávarsírena. Sædís, þú veist að Krabbi Kló er farinn upp í fjöru að finna Katrínu kærustuna sína, sem býr langoftast ofan-sjávar ... Á ég að fylgja ykkur þangað?

**Sævar skjaldbökupabbi og Sædís (*einum rómi*):** Já, takk!

## Sundsöngur 4 Krabbi

(Skjaldbökupabbi 1. erindi, svo allir saman)

Við syndum og við syndum,  
já við syndum sjónum í.  
Til krabbans okkur vindum  
að spyrja hann að því,  
hvernig við leysum þennan vanda?  
Hún Sædís getur varla andað.  
Hún er flækt í plastdrasl,  
plastið flýtur út um allt.  
Við vonum bara að Krabbi Kló hann hjálpi okkur fljótt  
og finni á þessum vanda lausnina skjótt.

Syndum saman sjónum í,  
höfum gaman aldan hlý.  
Allir straumar stefna í eina átt,  
vonum bara að hjálpin berist fljótt  
og Sædís verði sátt.

**Sævar skjaldbökupabbi:** Sjáiði, nú er aldeilis farið að birta ... Við erum alveg að verða komin upp að yfirborðinu og þarna er jú fjaran ...

**Elsa:** En hvað er þetta ... þetta lítur út fyrir að vera mannsbarn.

**Strákur:** Hjálp, hjálp, hjálp ... pabbi, hvar ertu ... ég er að drukkna!

**Nonni:** Þetta er lítill strákur sem er að drukkna.

*Strákurinn sekkur undir yfirborðið til þeirra og þau synda hratt til hans  
og ná honum upp ... Strákurinn er fallinn í yfirlið ...*

**Elsa:** Fljótt, fljótt hann er að falla í yfirlið ... Upp á yfirborðið.

**Sævar skjaldbökupabbi:** Jæja, við erum komin með hann upp í fjöru.

**Kristinn strákapabbi:** Pétur, Pétur ... (*kallar*) ... Hvar ertu?

**Elsa:** Þið verðið að fara með hann til pabbans ... ég fer ekki lengra ... pabbi minn brjálást ef ég fer upp í fjöru!

*Sævar skjaldbökupabbi og Nonni ýta honum áfram og  
Sædís skjaldbaka haltrar í áttina til pabbans ...*

**Sædís:** Hann er hér strákapabbi, hann er hér ...

**Kristinn strákapabbi:** Drengurinn minn ... hvað kom fyrir ... er allt í lagi með þig? (*Hann hristir strákinn til.*)

**Strákur** (*lifnar úr dáinu og hóstar vatninu upp úr sér*): Pabbi, pabbi ég var alveg að drukkna.

**Kristinn strákapabbi:** Já, ég týndi þér... gott að þú ert kominn ... ég ætla að drífa mig með þig strax heim og hlýja þér ... en hverjir eru þetta?

**Strákur:** Pabbi, þau björguðu mér ...

**Kristinn strákapabbi:** Mikið er ég ykkur ævinlega þakklátur að bjarga drengnum mínum ... En hvað er að þér skjaldbaka litla? Þetta er ljótt að sjá ... ertu föst í plastringjum ... leyf mér að ná þessu af þér.

*(Pabbinn tekur upp stór skæri og klippir fjötrana af Sædís.)*

**Sævar skjaldbökupabbi:** Þakka þér fyrir, strákapabbi, að bjarga dóttur minni ...

**Pétur strákur:** Já, og það var líka hafmeyja ...

**Nonni:** Nei, nei það var enginn hafmeyja ...

**Strákur:** Jú, víst var hafmeyja líka, hún er þarna!

*Hann bendir í átt til hafmeyjunnar en það glittir  
í hana á bak við stein í flæðarmálinu (hún er efst á sviðinu).*

**Nonni:** Æi, ef fólk sér hafmeyju getur hún dáíð ... þær deyja á þurru landi ... og sumir vilja fanga þær.

*(Þá er eins og sjórinn lyftist upp og Neptúnus birtist í öllu sínu veldi.)*

**Neptúnus** (*öskureiður og valdamikill með þríforkinn á lofti*): Hvað ertu að gera hérna uppi í fjöru, Elsa? Ég hef margoft sagt þér að þú mátt ekki vera hérna! ... Og hvað ert þú að gera með töfrasprotann minn, trúðfiskurinn þinn? Ég er búinn að leita að honum í 100 ár ... og hann er óhlaðinn ... hvað á þetta að þýða?!

*(Neptúnus þrífur töfrasprotann af Nonna trúðfisk,  
sem hrekkur til baka skelkaður og svo hefur hann upp raust sína.)*



## Söngur Neptúnusar

*(Neptúnus syngur einn fyrst og  
allir strákar í sýningunni taka undir í seinna skipti.  
Hann rekur niður þríforkinn við hvert hó og aðrir söngvarar stappa þá niður fæti.)*

Elsa, Elsa, hvað hef ég oft þér sagt?  
Og við systur þína Töru  
og fyrir þig margoft lagt.  
Að fara aldrei upp í fjöru.  
Þið vitið að þetta er hættulegt  
fyrir fagar hafmeyjur.  
Þið getið fengið stóra sekt,  
þið eruð sjávarfreyjur.

Komdu strax heim  
og farið öll aftur oní sjó.  
Ég hef fengið nóg.  
Hó hó hó hó hó.  
Komið strax oní sjó.  
Ég hef fengið nóg.  
Ég hef fengið nóg.  
Hó hó hó hó.

*Neptúnus hrífur Elsu reiðilega með sér... Hún fylgir honum  
skömmustuleg og þau hverfa í sjóinn, jafnhrott og Neptúnus birtist.*

*Allir viðstaddir stara agndofa á þetta sjónarspil, þangað til Sædís rankar við sér  
og vill ekki stefna sér og hinum sjávardýrunum í frekari hættu.*

**Sædís:** Takk fyrir björgunina, við þurfum að fara núna.

**Nonni:** Og má ég biðja ykkur að reyna að hætta að henda þessu plasti út um allt.

**Strákapabbi:** Já fyrirgefið ... ég skal reyna að tala ykkar máli og segja fólkinu að hætta að henda plasti í sjóinn ... Þakka ykkur fyrir að bjarga stráknum mínum.

**Strákur:** Bless elsku vinir! *(Snýr sér niður að sjó og kallar út yfir öldurnar.)* Takk fyrir að bjarga mér, fallega hafmeyja!

*Elsa og Neptúnus eru þegar horfin. Sædís, skjaldbökupabbi og Nonni syngja  
Lokasönginn ... Öll hin sjávardýrin bætast í hópinn ...  
og allir syngja Lokasönginn saman. Hafmeyjurnar og Neptúnus  
syngja baksviðs eða til hliðar.*

## Lokasöngur

*(allir nema Elsa og Neptúnus)*

Svona endar þetta ævintýr,  
skjaldbakan er eins og ný.  
Við syndum áfram sjónum í  
og áfram syngur aldan hlý.

Við vonum bara að plastið minnki  
og á ruslinu grynki.  
Að mannfólkið hætti að menga  
og Sædís hafi plastringj enga.

Sjávaraldan syngur blítt  
og straumarnir streyma upp á nýtt.  
Og aftur kemur dagur nýr  
og vindurinn hvíslar og blærinn hlýr.

Særinn syngur sönginn sinn,  
sírenur og sæljónin,  
sofa straumum fögrum í  
og upphefst önnur saga og ný.

**ENDIR**

## GREINARGERÐ OG LEIÐBEININGAR

Söngleikurinn var frumfluttur í Snælandsskóla í lok nóvember árið 2017, sama ár og hann var saminn. Frumsýningin var flutt af nemendum 4. bekkjar undir stjórn tónmenntakennarans og höfundar Elínar Halldórsdóttur og bekkjarkennaranna Írisar Jónsdóttur og Erlu Bjarkar Pálsdóttur. Jóhanna Hjartardóttir úr spjaldtölvuteymi Snælandsskóla og Kópavogs, vann myndbönd með hóp nemenda við lögin í sýningunni en þau voru sýnd á skjá yfir sviðinu á sýningunum.

Markmið söngleiksins er að kenna ungum börnum sönglist og sviðsframkomu, um leið og þau læra á ævintýralegan máta um þá ógn sem plastmengun í sjó er, og vekja þau til umhugsunar um það. Þátttaka uppfyllir mörg hæfniviðmið, t.d. um tæknikunnáttu, túlkun, söng, hlustun, flutning á verki í hóp. Mælt er með því að gefa nemendum góðan tíma til að læra lögin og æfa allan bekkinn í öllum lögunum og byrja að kenna þeim lögin eigi síðar en 8 vikum fyrir frumsýningu. Hægt er að leyfa stúlkunum að læra Hafmeyjusönginn og strákunum Hákarlalagið og hafa svo jafningjamat, það þarf þó ekki að vera algilt, suma drengi langar að syngja hafmeyjusönginn og sumar stúlkur langar að leika hákarl. Þegar kemur að sýningum er svo búið að velja einsöngvara í ákveðin atriði, sem syngja lögin í einsöng í sýningunni. Sá háttur var hafður á að allir sungu með í endurtekningu.

Hægt er að kenna lögin og handritið bæði í tónmennt og t.d. íslensku eða umsjónartímum, eða í tímum hjá þeim kennara/kennurum sem tekur að sér umsjón á söngleiknum. Æskilegt er að tölvu- eða upplýsingatæknikennari komi að verkinu og aðstoði hóp nemenda sem eru valdir í það verkefni að búa til myndskreið eða myndbönd með verkefninu með green-screen, garage-band og i-movie. Karaoke- og sungin útgáfa af lögunum verður aðgengileg með námsefninu á vefnum sem er hægt að færa yfir á i-movie og gera myndefni með, þannig að kennarinn þarf að hafa lögin tilbúin fyrir einsöngvara eða kór og meðleikur er þá til. Einnig eru nótur að lögunum fyrir hendi og bókstafshljómar fyrir þá tónmenntakennara sem vilja hafa lifandi flutning og spila með eða setja saman litla nemendahljómsveit sem spilar lögin.

Æskilegt er að tónmenntakennari og aðrir kennarar sem að verkinu koma og þekkja nemendurna velji saman í hlutverk en best er að láta nemendur fá handritið og kynna sér það og rita síðan niður á blað með sínu nafni 3 hlutverk eða verkefni sem þau vilja annast í söngleiknum (t.d. nemandi 1 – skjaldbaka, skrautfiskur, hafmeyja 3; nemandi 2 – myndband, hljómsveit, sviðsfólk; nemandi 3 – hákarl, skjaldbökupabbi, myndbandagerð). Kennari eða kennarar velja nemendur í hlutverk eða verkefni í sýningunni eftir hæfni, getu og/ eða áhugasviði hvers og eins og þar sem hver nemandi velur 3 atriði mun hann alltaf fá eitthvað við sitt hæfi. Ef nemandi eða foreldrar eru mjög óánægðir með val er hægt að endurskoða það í samvinnu við bekkjarkennara og bæta einhverju verkefni við nemanda eða bæta einni persónu inn í hópsenur eða nota ímyndunaraflið og skapa eitthvað sem allir verða sáttir við.

Æskilegt er ef tónmenntakennari kemur að æfingum eða kennari sem spilar á píanó eða gítar, að í fyrstu æfingum á lögnum með bekknum í venjulegum kennslustundum sé spilað undir á annað hvort þessara hljóðfæra. Þetta er þó ekki regla. Sá háttur er hafður á í atvinnuleikhúsi, bæði í söngleikjum og óperu, að unnið er með einum undirleikara að söngvum áður en farið er að vinna með allri hljómsveitinni í stærri útsetningum á lögnum.

Mælt er með því að ákveða frumsýningardag með u.þ.b. 3ja mánaða fyrirvara og gefa nemendum færi á að hafa sviðsæfingar síðustu tvær vikurnar, þannig að hliðrað verði til með tíma svo þeir nái að æfa a.m.k. eina kennslustund á dag síðustu dagana og tvær kennslustundir þá daga sem hægt er. Miðað er við að einn bekkur skipi hlutverk, tæknimenn og vinni að sviðsmynd og sjái um sýninguna með kennurum sínum, ef til vill bekkjarkennurum í árgangi, tónmenntakennara og upplýsingatæknikennara.

Búningagerð er hægt að hafa í höndum nemenda í samstarfi við textílkennara eða aðra handlagna kennara en það þarf mikinn undirbúningstíma 2-4 mánuði. Í frumsýningunni í Snælandsskóla var sátt um að foreldrar sæju um búningagerð og foreldrar hvers barns sáu um búning fyrir sitt barn.

Það er mikil söngleikjahefð í Snælandsskóla, þar sem sýningin var frumsýnd, og þar eru til búningar og leikmyndir á lager fyrir vinsælustu söngleiki sem sýndir hafa verið oft síðustu ár eins og t.d. Dýrin í Hálsaskógi. Ef hver skóli fyrir sig leggur í búningagerð og kostar hana er kjörið að geyma búningana og leikmyndina og endurnýta þá og eiga verkefnið inni fyrir síðari árganga.

Leikmyndagerð var í höndum höfundar og bekkjarkennara í frumsýningunni í Snælandsskóla með aðstoð húsvarðar. Fundin voru bláleit síð silkigluggatjöld, sem skólanum höfðu verið gefin í þrem bláum litum, dökkbláu, sægrænu og ljósbláu. Þannig efnisklæði voru hengd tilklípt í ölduformi á sviðsenda (uppvegg) með stórum máluðum fiskum og bláar og hvítar ljósaseríur hengdar yfir. Efnisdrangarnir voru líka klipptir í bylgjandi ræmur, sem héngu nokkrar niður úr loftinu eins og sjávarþang og hreyfðust við minnstu viðkomu. Kom-ið var fyrir ýmiss konar plastrusli í hrúgum á sviðinu og hangandi niður úr loftinu. Uppsviðs var málverk af hafmeyju, sem höfundur málaði um svipað leyti og verkið og hafmeyju-söngurinn var saminn. Ísskápurinn var málaður af nemendum á krossviðsplötu og hurðin á honum gerð með eins konar ramma. Töfrastafurinn var vasaljós og skrautfiskaduftið var niðurklíptur silfraður pappír en Sædís hengdi á sig ljósaseríu þegar hún átti að glitra og glansa. Í leikmyndagerð má gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn og nota það efni sem til er á hverjum stað og þær hugmyndir sem þeir hafa er að verkefninu standa.

Upprunalega demo útgáfu af lögnum sem unnin var í Garage-band má finna á soundcloud síðu höfundar.